

## AUGLÝSING

### **um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 2/2004 um gildistöku reglna um aðgangsstýringu, akstur og umferð um Reykjavíkurflugvöll.**

Með vísan til 1. mgr. 70. gr., sbr. 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir og reglugerðar um flugmálahandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands nr. 326/2000, hefur Flugmálastjórn ákveðið að nýjar reglur taki gildi þann 15. apríl 2004 um aðgangsstýringu, akstur og umferð um Reykjavíkurflugvöll og brott falli þær reglur sem birtar voru með ákvörðun nr. 1/2004 sama efnis.

Ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands er birt í heild sinni í flugmálahandbók Flugmálastjórnar, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands).

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 6. apríl 2004.*

**Borgeir Pálsson** flugmálastjóri.